

EFTIRLITSSKÝRSLA

Sveitarfélagið Skagafjörður Skarðsmóar við Sauðárkrók



Dags eftirlits	22.6.2012	Fulltrúi UST	Sigrún Guðmundsdóttir
Fyrirtæki	Sveitarfélagið Skagafjörður	Fulltrúi UST	
Heimili	Skagfirðingabraut 17 Sauðárkróki	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	550698-2349	Flokkur	Úrgangur
Fulltrúi fyrirtækis	Jón Örn Berndsen	ÍSAT nr.	38.21.00
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	470728,446 583246,308

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Framkvæmd urðunar er í lagi á urðunarstað. Séðar girðingar voru í lagi, ekki var neinn úrgangur að sjá á staðnum og yfirlag nægt yfir úrgangi. Starfsemi lá niðri við skoðun. Ólykt var ekki að finna eða fugla að sjá og heildarsvipur staðarins snyrtilegur. Ein athugasemd er gerð en hún varðar mælingar á vatni. Eins og búast mátti við sýna mælingarnar að talsvert er af næringarefnum í vatni frá urðunarstaðnum enda er sláturúrgangur urðaður þar. Hins vegar var AOX gildi hátt og er nauðsynlegt að gera mælingu á því að nýju næsta vor. Urðunarstaðnum verður lokað, og verður urðun úrgangs hætt 1. október 2012.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir málefni urðunarsvæðisins, en lokun þess er fyrirhuguð og verður urðun hætt nú í vetur. Að loknum fundi með fulltrúa rekstraraðila var urðunarsvæðið að Skarðsmóum skoðað. Að síðustu var farið yfir niðurstöður mælinga á vatni frá urðunarsvæðinu.

ATHUGASEMDIR

Mælingarniðurstöður á vatni frá urðunarsvæðinu bárust 5. júlí sl. Eins og búast mátti við er talsvert af næringarefnum fyrir hendi en gildi AOX þ.e. aðseyg lífræn halogenefni er hátt, eða 1.28mg/l. Dæmi er um að losunarmörk fyrir AOX í starfsleyfum urðunarstaða sé 1.0mg/l og mælt gildi við Skarðsmóa því yfir þeim mörkum. Í starfsleyfi sveitarfélagsins Skagafjarðar frá 1987 eru ekki losunarmörk fyrir AOX tilgreind. Ástæða er til að gera mælingu á AOX næsta vor. Einungis barst mæling á sigvatni/vatni af urðunarsvæðinu, en skv. 3. gr. III viðauka reglugerðar nr. 738/2003 skal yfirborðsvatn mælt á a.m.k tveimur stöðum og skal mæla bæði að- og frástreymisvatn. Þá er rétt að mæla fleiri þætti, a.m.k. rennsli, hitastig og leiðni. Umhverfisstofnun fer fram á að nánara samráð verði haft við stofnunina um mælingar á vatni. Eftirlitsmælingum verður framhaldið þó urðun verði hætt á staðnum, en hægt er að ná betri mynd af mengunarálagi með vel skipulögðum mælingum.

ANNAÐ

Lokun urðunarstaðarins er fyrirhuguð og verður móttöku úrgangs þar hætt þann 1. október 2012. Umhverfisstofnun minnir vinsamlega á að lokunaráætlun skal berast fyrir 1. ágúst 2012.

Reykjavík, 08.08.2012

Sigrún Guðmundsdóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.